

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar skal ákvarða og innheimta sorpgjald fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs, samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003. Þá er Snæfellsbæ heimilt að innheimta gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs, uppsetningu og rekstur nauðsynlegra innviða í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna.

#### 2. gr.

Sorpgjald er lagt á hverja íbúð og hvern sumarbústað í Snæfellsbæ og er það innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld. Gjaldið nýtur lögveðsréttar í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga.

#### 3. gr.

Tunnugjald fer eftir rúmmáli þeirra sorphilata sem eru við heimili. Skilyrt er að hafa minnst eitt ílát fyrir lífrænan úrgang, pappír/pappa, plast og almennan úrgang. Tíðni tæminga fer eftir sorphirðudagatali en er almennt á 21 dags fresti.

|   | kr.     |
|---|---------|
| <i>Ílát fyrir blandaðan heimilisúrgang:</i>                       |         |
| 240 l tunna   | 25.000  |
| 360 l tunna   | 38.000  |
| 660 l kar   | 70.000  |
| 1.100 l kar   | 120.000 |
| <i>Ílát fyrir pappír:</i>   |         |
| 240 l tunna   | 20.000  |
| 360 l tunna   | 30.000  |
| 660 l kar   | 58.000  |
| 1.100 l kar   | 98.000  |
| <i>Ílát fyrir plast:</i>  |         |
| 240 l tunna   | 20.000  |
| 360 l tunna   | 30.000  |
| 660 l kar   | 58.000  |
| 1.100 l kar   | 98.000  |
| <i>Ílát fyrir matarleifar:</i>                                    |         |
| 35 l ílát í tunnu   | 18.000  |
| 140 l tunna   | 65.000  |
| Gjald vegna breytinga á þjónustu (breyting á stærð/fjölgun tunna) | 4.000   |

## 4. gr.

Söfnun, förgun, móttaka og flokkun sorps, sem og önnur gjöld, eru sem hér segir:

|                                       | kr.    |
|---------------------------------------|--------|
| Sorpförgun – heimili                  | 10.000 |
| Sorpförgun – sumarhús/takmörkuð ívera | 5.000  |
| Rekstur grenndarstöðva – þéttbýli     | 2.000  |
| Rekstur grenndarstöðva – sumarhús     | 16.000 |

Innifalið í sorpförgunargjaldi eru 12 einingar í Jökulkort sem gilda á gámastöð Snæfellsbæjar. Ein eining er ígildi 25 kg af úrgangi og gilda því 12 einingar fyrir 300 kg. Þær einingar sem fylgja sorpgjöldunum renna út næstu áramót eftir að þær eru gefnar út.

Hægt er að kaupa fleiri einingar inn á Jökulkortin, 10 einingar í senn, á kostnaðarverði, eða kr. 12.400 með vsk. Þær einingar renna ekki út.

## 5. gr.

Umráðendur íbúða og sumarhúsa eru ábyrgir fyrir ílátum fyrir úrgang við sitt heimili/sumarhús og standa undir kostnaði við að endurnýja eða lagfæra ílátin ef þau tynast eða skemmast vegna slæms umbúnaðar.

|                               | kr.    |
|-------------------------------|--------|
| Gjald á varahlut – lok        | 3.000  |
| Gjald á varahlut – dekkjasett | 3.000  |
| Endurnýjunargjald 30 l ílát   | 5.000  |
| Endurnýjunargjald 140 l tunnu | 15.000 |
| Endurnýjunargjald 240 l tunnu | 10.000 |
| Endurnýjunargjald 360 l tunnu | 15.000 |
| Endurnýjunargjald 660 l kar   | 21.000 |
| Endurnýjunargjald 1.100 l kar | 32.000 |

## 6. gr.

Tæknideild Snæfellsbæjar er heimilt samkvæmt gjaldskrá þessari að leggja göld á þá aðila sem verða uppvísir að því að fleygja sorpi og úrgangi á víðavangi eða á jarðvegstípp fyrir útlögðum kostnaði við hreinsun.

## 7. gr.

Gjaldskrá þessi var samin og samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar 4. desember 2025 með stoð í 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ, nr. 1588/2024.

*Snæfellsbæ, 4. desember 2025.*

**Lilja Ólafardóttir** bæjarritari.

---

B deild - Útgáfudagur: 23. desember 2025